



Borgarráð

***Hólmsheiðarvegur 100 - sala byggingarréttar með útboðsfyrirkomulagi***

Óskað er eftir heimild borgarráðs til að selja byggingarétt lóðarinnar Hólmsheiðarvegur 100 með útboðsfyrirkomulagi.

**Greinargerð:**

Samkvæmt gildandi skipulagi er lóðin Hólmsheiðarvegur 100 50.233 m<sup>2</sup> að stærð og hámarksbyggingarmagn 25.117 m<sup>2</sup>.

Vegna nálægðar við tengivirki við Geitháls hentar lóðin vel undir starfsemi gagnavers.

Byggingarréttur lóðarinnar verður boðinn út með hefðbundnu útboðsfyrirkomulagi. Í útboðsgögnum verður tekið fram að almennir lóða- og framkvæmdaskilmálar sem samþykktir voru í borgarráði 13. júní 2013 og breytt með samþykkt borgarráðs þann 2. júlí 2015 gildi, auk gildandi skipulags um lóðina. Tilboð verður lagt fyrir borgarráð til afgreiðslu.

Virðingarfyllt

Óli Jón Hertervig